

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Apríl 2025

Her á Íslandi

Blikur hafa verið á lofti í alþjóðamálum undanfarið og umræða hefur heyrt um stofnun íslensks hers. Landsmenn eru almennt á móti þeirri hugmynd.


Mikill meirihluti landsmanna er andvígur því að stofnaður yrði íslenskur her, eða nær 72%. Tæplega 14% eru hlynnt því og svipað hlutfall hvorki hlynnt né andvígt.

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stofnaður yrði íslenskur her?



Karlar eru mun hlynntari því en konur að stofnaður yrði íslenskur her, en einn af hverjum fimm körlum er hlynntur því á móti tæplega 8% kvenna. Einhver munur er á viðhorfi fólks eftir menntun og tekjum en meiri eftir því hvað það kysi ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þau sem kysu Miðflokkinn eru hlynntari því að íslenskur her yrði stofnaður en þau sem kysu aðra flokka, á meðan þau sem kysu Sósíalístaflokk Íslands eru andvígari því en þau sem kysu aðra flokka.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að stofnaður yrði íslenskur her?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 21. mars til 1. apríl 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.713 og þátttökuhlutfall var 51,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.